

15 10. marz. verið í þessum sveitum þegar í haust, hefði ekki fremur í þeim en í hinum sveitunum ágreiningur getað orðið um það, hvar kláði væri og hvar ekki.

Með tilliti til kostnaðar þess, er mundi leiða af því, að framkvæma nú almennt bað í sveitum þeim, er ekki böðuðu í haust, hefir samt lögreglustjóri lagt það til, að baði þessu verði frestað, þangað til fjeð er komið úr ullu, og að hreppar þeir, sem þrjúskast hafa, verði látnir nú þegar bera í allt fje, þó það sje álitid heilbriggt, og halda uppi hálfsmánaðarskoðunum og heimagæzlu á fjenu þangað til 6 vikur eru liðnar frá baðinu í vor, þannig, að lögreglustjóri með utanhreppsmönnum á hentugum tímum sjái um, að þetta verði alstaðar framkvæmt, og þannig, að lagt verði fyrir hreppsnefndirnar, að útvega nægileg meðöl til íburðarins og að sjá með hreppstjórum um, að íburðurinn fari alstaðar fram á sem tryggilegastan hátt. Herra amtmáðurinn hefir í nefndu brjefi mælt fram með, að þessar tillögur verði samþykktar fyrir allt kláðasvæðið, að svo miklu leyti, sem þær snerta frest á hinu almenna baði og skoðanir með mátulegu millibili, og hafið þjer í brjefi frá 19. f. m. stungið upp á hinu sama fyrir Borgarfjarðarsýslu.

Fyrir þessa sök, og með því að jeg, eins og nú var getið, verð að álíta sveitir þær á viðkomandi svæði, þar sem skipanirnar frá 30. nóvbr. f. á. hafa ekki verið framkvæmdar, grunaðar, en hins vegar árstími sá, er fer í hönd, er miður hentugur til að framkvæma almenn bõð, og þessi framkvæmd þar að auki er bundin miklum örðugleikum og kostnaði, meðan vertiðin stendur yfir, skal hjer með samþykkt, að hinum almennu fjárbõðum, sem skipuð voru í auglýsingu minni frá 30. nóvbr. f. á., verði í öllum þeim sveitum, þar sem ekki er þegar búid að baða, frestað þangað til fjeð er komið úr ullu í vor, með þessum nákvæmari skilyrðum:

1. Í þeim sveitum, þar sem ekki hefir verið almennt baðað í haust, skal halda áfram hálfsmánaðarskoðunum og nákvæmu fjártali á öllu fje þangað til 6 vikur eru liðnar frá vorbaðinu. Komi kláðavottur upp, ber undir eins að bera dyggilega í hinar grunuðu kindur og þar eptir tafarlaust tvíbaða allt fje á viðkomandi bæ og þeim bøjum, er samgöngur hafa átt við hann.
2. Hreppsnefndirnar skulu með skoðunarmönnum, hreppstjórum og lögreglustjóra styðja að því að útvega hin nauðsynlegu baðmeðöl og að framkvæma hið almenna bað í vor og þau aukabõð, sem þörf þykir á.
3. Í þeim sveitum, sem ekki böðuðu í haust, ber að halda fjenu í sterkri heimagæzlu, þangað til 6 vikur eru liðnar frá baðinu í vor, eða þangað til að fjeð hefir verið skoðað af utanhreppsmönnum og fundið heilbriggt eptir baðið, og ber að sjá um, að þessar skoðanir verði framkvæmdar innan 6 vikna eptir baðið.
4. Hinum setta lögreglustjóra ber á sem hentugastan og mest tryggjandi hátt að sjá um, að þessar skipanir verði framkvæmdar; sjer í lagi skal hann í tíma gjöra nauðsynlega ráðstöfun til, að smalað verði og baðað með utanhreppsmönnum alstaðar þar, sem innanhreppsmenn baða ekki sjálfir geldfje sitt um fardaga, og ær um fráferur, eða þar sem þeir þrjúskast við að baða hin fyrirskipuðu 2 aukabõð á bøjum, þar sem kláðavottur finnst, og skal hann í tíma ráða nægilega marga menn til slíkra framkvæmda, og útvega sjer baðmeðöl og hin nauðsynlegu áhöld, allt á kostnað hlutaðeigandi fjáreiganda, samkvæmt 7. gr. í tilsk. 5. jan. 1866.

16 12. marz. sönnglög. — Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um styrk til að prenta — Með þóknanlegu brjefi frá 20. f. m. hafa stiptsyfirvöldin sent mjer

bónarbrjef járnsmíðs Jónasar Helgasonar, um, að honum mætti verða veittur styrkur úr landssjóði til að láta prenta nokkur hepti af sönglögum með tilheyrandi textum, eldri og nýrri, og telur hann sig í þessu skyni hafa safnað í eitt hepti af lögum, sem ætluð eru barnaskólum eða byrjendum, í annað, með fleiri röddum, handa þeim, sem lengra eru komnir, og í þriðja hepti af sálmalögum þeim, er ekki finnast harmoniseruð í þeim útlendu kóral-bókum, sem menn hjer geta átt kost á að afla sjer; — getið þjer þess, að beiðandinn hafi munnlega skýrt frá, að hann búist við að geta á þessu ári fengið prentað eitt hepti, að stærð 4 arkir, og leggið þjer til, að beiðandanum verði veittur hinn umbeðni styrkur, með 20 kr. fyrir hverja prentaða örk.

Fyrir þessa sök skal þjónustusamlega tjáð stiptysfirvöldunum til þóknarlegrar leiðbeiningar og birtingar það, er hjer segir:

Með því að mjer er kunnugt, að organisti Pjetur Guðjónsson hefir búið undir prentun kóral-bók, er sjerstaklega er til þess ætluð, að leika eptir á smá-organi, sem nú er farið að tíðka í kirkjum hjer á landi, og að bók þessi muni koma út næsta sumar, finn jeg ekki ástæðu til að veita hinn umbeðna styrk til að gefa út sálmalög. Þar á móti hefi jeg af fje því, sem getur um í 15. gr. fjárlaganna fyrir þetta ár, veitt beiðandanum styrk til að láta prenta hepti af sönglögum, er ætluð eru byrjendum, með 20 kr. fyrir hverja örk, allt að 4 örkum, og mun styrk þessum verða ávísað til útborgunar, þá er hepti þetta er fullprentað.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um* **17**
færslu á Þingstað. — Með brjefi frá 19. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer tillögur hlutaðeigandi sýslumanns, hreppstjóra og hreppsnefndar, um, að þingstaður Akraneshrepps verði fluttur frá Heynesi út á Akranes-skaga. Hefir verið tekið fram þessari breytingu til gildis, að Skaginn sje hinn fólksflesti partur hreppsins, en vegna þess, hvað Heynes sje langt frá Skaganum, hafi manntalsþing í Akraneshreppi hingað til verið illa sótt, hreppsþúar hafi ekki getað notað þinghúsið til almennra mannfunda, og hreppsnefndin hafi ekki getað átt þar fundi sína; þar að auki sje þinghúsið á Heynesi ljelegt og þurfi bráðum aðgjörðar við, en á Skaganum megi fá húsrúm til þinghalds í barnaskólahúsi, sem verið sje að efna til að byggja þar úr steini. Þá hafið þjer, herra amtmaður, látið það álit í ljósi, að ekkert sje á móti því, að hið umbeðna leyfi verði veitt, því augljóst sje, að breytingin verði til hægðarauka fyrir meiri hluta hreppsþúa, og sú vegalengd, sem bætist við fyrir nokkurn hluta hreppsins geti enganvegin álitizt nein tilfinnanleg óhægð.

Af hinum tilgreindu ástæðum samþykkið, að þingstaður Akraneshrepps verði fluttur frá Heynesi út á Skaga, með því skilyrði, að hreppsnefndin fyrir manntalsþing 1878 útvegi nægilega stórt og gott húsrúm til þinghalda á síðarnefndum stað, og ber sýslumanni eptir nefnt manntalsþing að senda yður skýrslu um, hvort þetta hafi verið gjört, eða þá, ef hreppsnefndin hefir ekki notað hið veitta leyfi, hvað gjört hafi verið til að endurbæta þinghúsið á Heynesi á viðunandi hátt.

Þetta er yður, herra amtmaður, tjáð til þóknarlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um* **18**
framfærslu-hrepp sveitarómaga. — Eptir að hreppstjórinn í Þingvalla- **12. marz.**